



Dagsetning: 27. maí 2023
Málsnúmer: 2301116/0.5.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um breytingar á erindisbréfi ungmennaráðs

Ungmennaráð lagði fram tillögu fyrir bæjarstjórn um breytingu á skipunartíma þess sbr. 5. gr. samþykktanna þannig að fulltrúar þess væru skipaðir til tveggja ára í senn í stað eins árs. Við yfirferð á tillögum ráðsins komu fram sjónarmið um að það væri jafnframt kostur að fulltrúar ráðsins væru ekki kosnir allir á sama tíma. Með því að kjósa árlega hluta fulltrúanna til tveggja ára yrði ráðinu ekki skipt út öllu á sama tíma.

Jafnframt er lagt til að bæta við í 8. gr. að fundargerðir ráðsins hljóti staðfestingu bæjarstjórnar til samræmis við efni annarra erindisbréfa nefnda sveitarfélagsins.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

